

Rattleikur Unglingastig

Í þessum rattleik eru ýmis verkefni og þrautir sem nemendur eiga að leysa saman sem hópur, 3 – 4 saman í hóp. Rattleikurinn hentar vel hvar sem er þar sem hann tengist ekki ákveðnum stöðum.

Stöð 1

Gögn:

- Fata og vettlingapar (eða annað sambærilegt)
 - Spjald með lýsingu á stöð
-

Tölfræði rannsókn

Athugið hittni hópsins og skráið niðurstöður skipulega

Hver meðlimur gerir þrjár tilraunir í hverjum lið.

Reynið að hitta í

- Hálfs metra fjarlægð
- Eins metra fjarlægð
- Tveggja metra fjarlægð
- Þriggja metra fjarlægð



Hverjar eru líkurnar á að hitta úr eins metra fjarlægð?

Stöð 2

Gögn:

- Spjald með lýsingu á stöð
-

Regluleiki – mynstur

Sýnið eftirfarandi mynstur með hreyfingum.

Blátt, blátt, rautt, gult, gult

A, B, C, C

Hugsið um dans og notið líkamann vel.

Takið hreifmynstur ykkar upp og endurtakið mynstureininguna a.m.k fimm sinnum. Skráið hreyfingarnar með eigin táknum.



Stöð 3

Gögn:

- Spjald með lýsingu á stöðinni
-

100 stykki eða meir

Lítið í kringum ykkur.

Finnið þrennt sem er meira en hundrað af í kringum ykkur.

Takið myndir til að nýta til að sanna mál ykkar.

Stöð 4

Gögn:

- Spjald með lýsingu á stöðinni
-


Búið til form með líkömum ykkar

Notið líkama ykkar til að búa form. Takið mynd af formunum.

Búið til ólíka þríhyrninga, jafnhliða, jafnarma og rétthyrnda.

Búið til fjóra misstóra ferninga.

Búið til þrívíð form. Réttstrendinga, sívalninga,



Stöð 5

Gögn:

- Spjald með lýsingu á stöðinni
 - Málband
 - Krít
-

Hve langt getið þið náð?

Leggist niður þannig að þið getið séð hve langt þið náðið ef þið hafið:

- Haus við skó
- Hendi teygir sig í skó næsta manns

Hve miklu munar á lengdinni?

Hvert er hlutfallið milli lengdar, haus í hæl og hendi í skó?

Eða

Hve langt getið þið náð?

Standið upp við vegg og sjáið hve langt þið náðið ef þið:

- Standið þétt saman við vegg
- Standið með opinn faðm þannig að fingur ykkar snertist

Hve miklu munar á lengdinni?

Hvert er hlutfallið milli lengdar, líkamanar þétt saman og fingur snertast?



Stöð 6

Gögn:

- Spjald með lýsingu á stöðinni
-

Mynstur

Búið til mynstur með hlutum úr náttúrunni

Þið getið notað laufblöð, greinar, steina eða annað.

Teiknið upp eða takið mynd af mynstrum ykkar,



Skráið jöfnuna $2x + 5 = 10$ með hlutum úr náttúrunni.

Búið til 2 jöfnur til viðbótar og skráið.

Teiknið eða takið mynd af skráningu ykkar.

Stöð 7

Gögn:

- Spjald með lýsingu á stöðinni
-

Tölustafir

Bók Járngerðar skordýrafræðings er 400 blaðsíður.

Allar síðurnar eru tölusettar frá 1 og upp í 400.

Hve oft skyldi tölustafurinn 1 koma fyrir í blaðsíðutölunum? En ef blaðsíðurnar væru 1000.

Setjið upp jöfnu sem gildir fyrir hvaða blaðsíðufjölda sem er.



Stöð 8

Gögn:

- Spjald með lýsingu á stöðinni
-

Aldur hópsins

Hve gömul eruð þið í hópnum samtals?

Hvað er langt þangað til þið verðið 100 ára samtals?

Búið til nokkur ólík og svolítið erfið dæmi þar sem svarið er samanlagður aldur ykkar.




Stöð 9

Gögn:

- Spjald með lýsingu á stöðinni
 - 8 tannstönglar
-

Fiskur

Snúið fisknum við með því að færa þrjár eldspýtur/tannstöngla.



Stöð 9


Gögn:

- Spjald með þrautum
-

Hvaða tala á ekki heima með hinum?

Hvers vegna?

Er til annað svar? Útskýrðu svarið.




Hvaða tala á ekki heima með hinum? Hvers vegna?
Er hægt að finna annað svar?

2 5 3 6 4 7 5 8 6 9 ?


Hvaða tala kemur næst?
Útskýrðu mynstrið.
Búðu til nýtt talnamynstur.
Útskýrðu mynstrið þitt.




Ímyndum okkur að mynstrið haldi áfram.
Ef það væru 6 svartir kubbar í miðjunni, hve margir
hvítir kubbar væru þá í kringum svörtu kubbana?
Útskýrðu hvernig þú komst að þessari niðurstöðu.




1 svartur
hvítir



2 svartir
10 hvítir



3 svartir
12 hvítir



Stöð 10

Gögn:

- Spjald með þrautum

Vísbendingaþrautir geta hentað vel á eina stöð. Þær eru í sérstöku skjali. Þrjár þeirra gætu hentað. Gott að velja eina þeirra. Gert er ráð fyrir að vísbendingarnar séu klipptar niður og settar í umslag. Nemendur skipta þessum sex vísbendingum á milli sín og leggja saman upplýsingarnar í hverri vísbendingu til að finna svarið.

Dýrin þeirra Rúnars og Nönnu Talan hans Tomma Félagarnir fjórir með fíkjurnar

Dýrin þeirra Rúnars og Nönnu

Það eru samtals tólf fætur á dýrum Rúnars.

Hve marga kjúklinga á Rúnar?

Dýrin þeirra Rúnars og Nönnu

Rúnar og Nanna eiga þrjá kjúklinga samtals.
Hin dýrin eru grísir.

Hve marga kjúklinga á Nanna?

Dýrin þeirra Rúnars og Nönnu

Fæturnir á dýrum Nönnu eru tveimur fleiri
en á dýrum Rúnars.

Hve marga grísi á Nanna?

Dýrin þeirra Rúnars og Nönnu

Rúnar á jafn marga grísi og kjúklinga,
en það á Nanna ekki.

Hve mörg dýr á Rúnar?

Dýrin þeirra Rúnars og Nönnu

Ef Nanna gefur Rúnari einn kjúkling,
þá eru einungis tólf fætur á dýrunum hennar.

Hve mörg dýr á Nanna?

Dýrin þeirra Rúnars og Nönnu

Rúnar og Nanna eiga jafn mörg dýr
(samtals grísi og kjúklinga).

Hve marga grísi á Rúnar?

Talan hans Tomma

Talan hans Tomma er margfeldi af fimm.
Hjálpðu hópnunum að finna töluna hans Tomma á blaðinu.

Talan hans Tomma

Talan hans Tomma er oddatala.
Hjálpðu hópnunum að finna töluna hans Tomma á blaðinu.

Talan hans Tomma

Ef þú margfaldar saman tölustafina í tölunni hans Tomma verður útkoman slétt tala.
Hjálpðu hópnunum að finna töluna hans Tomma á blaðinu.

Talan hans Tomma

Talan hans Tomma er nálægt miðju á blaðinu með tölunum hundrað.
Hjálpðu hópnunum að finna töluna hans Tomma á blaðinu.

Talan hans Tomma

Summa tölustafanna í tölunni hans Tomma er oddatala.
Hjálpðu hópnunum að finna töluna hans Tomma á blaðinu.

Talan hans Tomma

Talan hans Tomma er margfeldi af þremur.
Hjálpðu hópnunum að finna töluna hans Tomma á blaðinu.

Félagarnir fjórir með fíkjurnar

Lárus og Björk eiga sjö fíkjur samtals.
Hve margar fíkjur á hvort þeirra?

Félagarnir fjórir með fíkjurnar

Björk og Óskar eiga tólf fíkjur samtals.
Hve margar fíkjur á hvort þeirra?

Félagarnir fjórir með fíkjurnar

Ef allir krakkarnir setja fíkjurnar sínar í hrúgu og skipta þeim svo jafnt, fær hvert þeirra fjórar og ein verður afgangs.
Hve margar fíkjur á hvort þeirra?

Félagarnir fjórir með fíkjurnar

Lárus og María eiga fimm fíkjur samtals.
Hve margar fíkjur á hvort þeirra?

Félagarnir fjórir með fíkjurnar

Ef Óskar og María setja fíkjurnar sínar í eina körfu, þá eru þar tíu fíkjur.
Hve margar fíkjur á hvort þeirra?

Félagarnir fjórir með fíkjurnar

Björk á tvöfalt fleiri fíkjur en María.
Hve margar fíkjur á hvor þeirra?